



Goðafossmarkaður EHF

Handverkskonur milli heiða.

Vörumóttaka

Þriðjudaginn 22. júlí nk. kl. 18:00– 22:00.

G.V. nefndin.



Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum

fyrir **kl. 15:00.** 😊

ATH! Verð á auglýsingum
Verð hálfsiðu er. kr.2900.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk





Unglingalandsmót UMFÍ



verður um verslunarmannahelgina á Sauðárkróki. Mótið er fyrir 11-18 ára, en það er einnig mikil fjölskylduhátíð með afþreyingu fyrir allan aldur.

Skráning er til 27. júlí og fer fram á skraning.umfi.is. HSB niðurgreiðir fyrir sína keppendur og kostnaður einungis kr. 3.000,- á keppanda.

Þeir sem þurfa aðstoð við skráningu geta haft samband við Jóhönnu Kristjáns. í síma: 894-4247, eða á netfangið:

hsth@hsth.is

Nánari upplýsingar um mótið er að finna á www.umfi.is



Starfsmenn sveitarfélaga!



Framsýn boðar til kynningarfundar með starfsmönnum sveitarfélaga sem jafnframt eru félagsmenn. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 17. júlí kl. 20:00 í fundarsal stéttarfélaganna. Atkvæðagreiðsla um samninginn er hafin á Skrifstofu stéttarfélaganna og verður hægt að kjósa um samninginn til 21. júlí. Verði eftir því leitað er velkomið að senda þeim sem búa utan Húsavíkur kjörgögn í pósti.

Framsýn stéttarfélag



Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00
Sundlaug - tjaldstæði – gisting
Veðiileyfi í Langavatn og Kringluvatn
Fjölbreyttar veitingar
sími 464 3903
www.heidarbaer.is
Seljum Veidikortið og Útilegukortið

Átt þú ekki erindi við Vaxtarsamning Norðausturlands?

Ertu með hugmynd að verkefni sem eflir atvinnulíf og búsetuskilyrði á starfssvæðinu?

Næsti umsóknarfrestur til VAXNA er föstudaginn 15. ágúst nk.

Umsóknargögn má finna á vefsíðunni www.atthing.is og starfsmenn atvinnuþróunarfélagsins veita upplýsingar og aðstoð við gerð umsókna



Kynntu þér málið og hafðu samband!

Ari Páll, Jóna og Reinhard



Atvinnuþróunarfélag Pingeyinga • Garðarsbraut 5, Húsavík • sími 464-0415

Skógardagur í Vaglaskógi

Skógrækt ríkisins Vöglum býður gesti velkomna í skóginn næstkomandi sunnudag þann 20. júlí, kl. 14.00. Sýnd verður grisjun með grisjunarvél sem notuð er þessar vikurnar við grisjun í skóginum. Einnig verður sagt frá fræræktinni í fræhúsinu á staðnum. Dagskráin hefst við gróðrarstöðina á Vöglum. Að dagskrá lokinni verður boðið upp á ketilkaffi og meðlæti.

Skógrækt ríkisins Vöglum



Þönglabakkamessa



Messað verður á Þönglabakka í Þorgeirsfirði 27. júlí næstkomandi kl. 14.00. Sr. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup í Skálholti þjónar og Petra Björk Pálsdóttir organisti í Laufásprestakalli stýrir söng. Það verður ekki hægt að fara landleiðina vegna snjóá. Skipið Húni sem og grenvíski báturinn Fengur ætla að sigla í Þorgeirfjörð og björgunarsveitir sigla með. Allt fer þetta nú eftir landátt og færi við fjöru í Þorgeirsfirði. Húni siglir á stað frá Akureyri kl. 07.30 og kemur við á Grenivík og þaðan verður siglt kl. 10.00. Það kostar 6000kr. fyrir fullorðna og 3000kr. fyrir börn yngri en 12 ára. Sr. Bolli Pétur Bollason tekur við bókunum á netfangið bolli@laufas.is og gott er að panta með góðum fyrirvara, því fleyin taka víst ekki endalaust við.

Um er að ræða mikið ævintýri og nú biðjum við saman um gott veður, sem hefur jafnan verið við þessar stundir.

Verið velkomin!

Fjögurra skógahlaupið

Fjögurra skóga hlaupið fer fram
í suðurhluta Fnjóskadals 26. júlí 2013.

Mæting á Bjarmavöllinn, keppendur verða keyrðir að rásmarki.

4.3 km. -2.000 kr. - **skemmtiskokk-**

Skógræktarstöð-Bjarmavöllur. Brottför af Bjarmavelli kl.12.00

10.3 km. - 3.900 kr. - Bogabru-Bjarmavöllur. Brottför af Bjarmavelli kl.11.10

17.7 km. - 4.900 kr. Fnjóskárbrú við Illugastaði-Bjarmavöllur. Brottför af Bjarmavelli kl.10.20.

30.6 km. -5.900 kr. Reykir-Bjarmavöllur. Brottför af Bjarmavelli kl.9.00

42.2 km. -6.900 kr. Brottför af Bjarmavelli kl. 7.45

Boðið verður upp á drykki og ávexti á leiðarenda.

Hótel Edda Stórutjörnum býður þátttakendum í sund gegn framvísun þátttökupenings.

Skráning í hlaupið og nánari upplýsingar er á hlaup.is og lýkur föstudagskvöldið 26. júlí.

Fyrir þá sem vilja greiða beint hafið samband við Ósk í síma 8626073 eða okkah@hotmail.com

*Hlökkum til að sjá ykkur sem flest.
Bsv. Þingey*

28.tbl.
17. júlí
2014
21. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s:4643366/gsm:8953386



Sumartónleikar við Mývatn 2014.



19. júlí - laugardagur kl. 21.00 Reykjahliðarkirkja
Hallveig Rúnarsdóttir, sópran og Árni Heimir Ingólfsson, píanó

Hallveig og Árni Heimir flytja fjölbreytta dagskrá með íslenskum og erlendum lögum og syru af söngleikjalögum eftir Stephen Sondheim.

Hallveig hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2014 fyrir hlutverk Michaelu í Carmen. Hún hefur sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og haldið fjölda ljóðatónleika og fengið mikið lof fyrir söng sinn. Árni Heimir er bæði píanóleikari og kórstjóri auk þess að hafa stundað rannsóknir í tónlist og skrifað bækur og greinar. M.a skrifaði hann ævisöngu Jóns Leifs.

Verið velkomin á þessa glæsilegu tónleika!

28. starfsár
Listrænn stjórnandi: Margrét Bóasdóttir.